

4.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 13.ágúst, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi og Einar Ólafsson ritari. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Olga Bjarnadóttir fulltrúi tækninefndar í hóp fimleikum, Sæunn Viggósdóttir, fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Hlín Bjarnadóttir fulltrúi tækninefndar kvenna og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslumála.

Jósep Húnfjörð gjaldkeri boðaði forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

Dagskrá:

1. Formannskipti í tækninefnd hóp fimleika

Þar sem Íris Svavarsdóttir var ráðin sviðsstjóri fræðslumála hjá fimleikasambandinu, þá var ljóst að hún yrði að hætta sem formaður tækninefndar hóp fimleika. Í ljósi þess þá hefur Olga Bjarnadóttir, núverandi varaformaður THF, starfað sem formaður nefndarinnar.

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins þakkar Írisi Svavarsdóttir fyrir hennar störf í tækninefnd hóp fimleika og Óskar eftir að Olga Bjarnadóttir taki við sem formaður tækninefndar í hóp fimleikum.

2. Kröfur móta og keppnisreglur frá THF

Tækninefnd í hóp fimleikum hefur sent stjórn tvö skjöl, kröfur móta og keppnisreglur fyrir keppnisveturinn 2013-2014, til samþykktar. THF sendi út í byrjun sumars tillögur að kröfum móta með ósk um athugasemdir frá félögum og yfirþjálfurum. Í framhaldi af þeim athugasemdum sem komu, var haldinn opinn tækninefndafundur þar sem þjálfurum og forráðamönnum gafst kostur á að fylgja eftir athugasemdum sínum. Í framhaldi af þeim fundi, liggja fyrir þær kröfur móta og keppnisreglur sem THF leggur fyrir stjórn.

Breytingar hafa verið gerðar á reglum, aldursflokkum og undanþágum, frá þeim reglum sem gildi á síðasta keppnisvetri. Þjálfarar og félög eru því beðin um að kynna sér kröfur móta og keppnisfyrirkomulag auk keppnisreglna fyrir komandi vetur.

Málið rætt.

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir kröfur móta frá THF og keppnisreglur fyrir keppnisveturinn 2013-2014 og þakkar THF fyrir vel unnin störf. Framkvæmdastjóra er falið að senda gögnin til aðildafélaga og gera þau aðgengileg á vef sambandsins.

3. Erindi frá TKV um stofnun undirnefndar/vinnuhóps

Stjórn Fimleikasambandsins hefur borist erindi frá TKV um stofnun undirnefndar/vinnuhóps dómaramála.

Málinu er frestað og vísað til sviðsstjóra fræðslumála og samráðsnefnd dómara til frekari úrvinnslu.

Fimleikasambandi Íslands hefur borist gjöf frá Kristmanni Magnússyni. Gjöfin samanstendur af A3 blaði með upprunalegu einkunnagjöf í fyrsta fimleikameistaramóti Íslands í fimleikum, sem haldið var 1927, og myndaalbúm Magnúsar Þorgeirssonar frá Noregsför ÍR árið 1927. Fimleikasambandið þakkar fyrir þessa gjöf og mun finna henni viðeigandi sess á skrifstofu fimleikasambandsins.

Fundi slitið kl. 18:00.